

Mál nr. 9/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging fasteignatryggingar****Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X): húsfélag****Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð húseiganda.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur dags. 8. febrúar 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. febrúar 2022.

Málsatvik.

Ljóst er af gögnum málsins að hinn 5. eða 6. janúar sl. fauk annað hvort þakkantur eða hluti þakplötu á bifreið M með þeim afleiðingum að rúða brotnaði og frekara tjón varð á bifreiðinni.

M hefur gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu húsfélagsins X og í málskoti kemur fram að hluti þaksins sem fauk á bifreið hennar sé af álmu B í húsi X og M telur að greiða eigi bætur úr tryggingu húsfélagsins. Einnig upplýsir hún um að framkvæmdir hafi verið á þaki þegar tjónið varð.

V hefur hafnað bótaskyldu en segir í bréfi sínu til nefndarinnar að staðfest sé að þakrenna/þakkantur af húsi X hafi fokið á bifreið M í slæmu veðri 6. janúar sl. V bendir á að forsvarsmaður húsfélags hafi gefið upplýsingar um að ekki hafi verið vitað um veikleika í búnaði þaksins og þannig ekki fyrirsjáanlegt að hluti þaksins myndi fjúka laus. V telur að X beri því ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M en bendir á rúðutryggingu vegna tjóns á rúðum bifreiðarinnar.

Álit.

Til þess að bótaskylda komi til úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X þarf M að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem hlaust af því að hluti þaks fauk á bifreið hennar. Í íslenskum rétti gera reglur skaðabótaréttar ráð fyrir því að almennt stofnist skaðabótaábyrgð á þeim grundvelli að saknæm háttsemi hafi leitt til tjóns. Í þessu máli er ekki sýnt að nokkur á vegum X hafi sýnt saknæma háttsemi sem lýtur að frágangi þaks, þakrennu eða þakkants. Ábyrgð X gagnvart tjóni á bifreið M er ekki hlutlæg í þeim skilningi að hún stofnist án sakar. M getur því ekki gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar húsfélags X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir